

***BORGARRÁÐ 13. febrúar 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að reglum um fyrningartíma á ýmsum búnaði við útreikning á innri leigu verði endurreiknaður og lengdur - R20010389***

Tillaga Flokks fólksins að fyrningartími á búnaði, áhöldum og tækjum við útreikning innri leigu verði endurreiknaður með það að markmiði að lengja hann. Í svari um starfshóp um endurskoðun innri leigu tekur borgarfullrúi Flokks fólksins eftir að fyrningartími á húsbúnaði og tækjabúnaði er óvenju stuttur. Segir jafnframt í svari að miðað sé við að afskriftir sem mynda stofn til innri leigu búnaðar, áhalda og tækja sé fastur hundruðshluti miða við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna. Í 3. grein reglna um eignaskráningu rekstrarfjármuna borgarinnar er fyrningartími einstakra flokka stofnbúnaðar ákveðinn. Flokki fólksins finnst þessi tími allt of stuttur. Tillaga Flokks fólksins er að þegar kemur að húsbúnaði, tölvubúnaði og öðrum tækjabúnaði verði reglum um viðmið afskrifta til útreiknings innri leigu breytt þannig að fyrningartíminn verði lengri. Endurreiknað viðmið taki mið af að húsbúnaður og tæki “lífi” lengur. Reikna má með að rafmagnsvörur hafi allt að 8 ára líftíma og húsgögn geta verið í góðu lagi í allt að 15 ár nema auðvitað að um sé að ræða lélega framleiðslu eða sérlega slæma umgengni.